



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Aðalgötu 23
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

THG arkitektar ehf.
Freyr Frostason arkitekt
Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2017
Tilvísun: 0107 / 201711-0028


Vesturgata 6-8, svalir við gafl.


Í tölvupósti 10. nóvember 2017 óskar Freyr Frostason eftir álitum Minjastofnunar Íslands vegna fyrirspurnar um gerð svala við austurgötu Vesturgötu 6-8. Erindinu fylgir endurskoður tillöguuppdráttur THG arkitekta dags. 12.9. 2017.

Sk. húsakönnun Árbæjarsafns nr. 88 frá 2001 var elsti hluti **Vesturgötu 6-8** reistur 1882 sem verslunarhús. Húsið var stækkað í nokkrum áföngum á árunum 1883-1902. Árið 1915 var gerður kvistur á framhlið þess. Veitingastaðurinn Naustið opnaði í húsinu árið 1954 og voru þá gerðar breytingar á útliti hússins sem nú eru að mestu horfnar ásamt merkjum innréttingum Sveins Kjarvals. Í húsakönnun er húsið Vesturgata 6-8 talið hafa mikið gildi fyrir verslunar- og atvinnusögu Reykjavíkur auk þess að vera mikilvægur hluti elstu götumyndar Vesturgötu. Vesturgata 6-8 nýtur friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar sbr. 2. mgr. 29. gr..

Minjastofnun heimilar gerð trésvala við austurgötu Vesturgötu 6 samkvæmt tillöguuppdrætti THG arkitekta dags. 12.9. 2017. Frágangur skal taka mið af upphaflegum byggingarstíl hússins og einkennandi deililausnum frá sama tíma. Deili- og sérteikningar af svölum og handriðum skal senda Minjastofnun til umsagnar og samþykktar. Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :
Freyr Frostason (freyr@thg.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.